

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Höfðabakki verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Vesturlandsveg.
2. Bildshöfði verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Höfðabakka. Bráðabirgðaákvæði gildir um biðskyldu á Bildshöfða við tengigötu af Vesturlandsvegi á Elliðavog.
3. Breiðhöfði verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Bildshöfða.
4. Umferð um Kleppsveg víki fyrir umferð um Langholtsveg.
5. Stöðvunarskylda verður við Elliðavog á Langholtsvegi, Holtavegi, Skeiðarvogi og Kleppsmýrarvegi.
6. Biðskylda verður á akreinum, sem sérstaklega eru ætlaðar hægri beygjum, inn á Elliðavog frá Holtavegi og Kleppsmýrarvegi, og til austurs inn á Holtaveg frá Elliðavogi.
7. Umferð verður í báðar áttir:
 - a. Á Kleppsvegi, milli húsagötu Holtavegar og húsagötu Kleppsvegar við hús nr. 86.
 - b. Á húsagötu Holtavegar.
8. Bifreiðastöður verða bannaðar við Völvufell, beggja vegna götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. desember 1979. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um einstefnuakstur á húsagötu Holtavegar frá 15. nóvember 1976.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. nóvember 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir eru:

Súðavíkurhreppur:

1. Vatnsveituvegur af Djúpvegi að stíflu
2. Langeyrarvegur af Djúpvegi að Langeyri
3. Seljalandsvegur af Djúpvegi að Seljalandi
4. Minni Hattardalsv. af Djúpvegi að Minni Hattardal
5. Meiri Hattardalsv. af Djúpvegi að Meiri Hattardal
6. Eyrarvegur af Djúpvegi að Eyri

7. Kleifarvegur af Djúpvegi að Kleifum
8. Hestvegur af Djúpvegi að Hesti.

Ögurhreppur:

1. Vigurbryggjuvegur frá bryggju í Vigur að íbúðarhúsi
2. Hvítanesvegur af Djúpvegi að Hvítanesi
3. Hjallavegur af Djúpvegi að Hjöllum
4. Ögurbryggjuvegur af Djúpvegi að bryggju
5. Ögurkirkjuvegur af Djúpvegi að kirkju
6. Garðstaðavegur af Djúpvegi að Garðstöðum
7. Blámýrarvegur af Djúpvegi að Blámýri
8. Hagakotsvegur af Laugardalsvegi að Hagakoti
9. Hrafnabjargavegur af Laugardalsvegi að Hrafnabjörgum
10. Laugabólsvetur frá Hrafnabjörgum að Laugabóli
11. Birnustaðavegur af Laugabólsvegi að Birnustöðum
12. Efstadalsvegur af Birnustöðum að Efstadal
13. Pernuvíkurvegur af Djúpvegi að Pernuvík.

Reykjafjarðarhreppur:

1. Eyrarvegur af Djúpvegi að Eyri og að bryggju.
2. Heydalsvegur af Djúpvegi að Heydal.
3. Djúpmannabúðarvegur af Djúpvegi að Djúpmannabúð.
4. Botnsvegur af Djúpvegi að Botni.
5. Skálavíkurvegur af Vatnsfjarðarvegi að Skálavík.
6. Vatnsfjarðarkirkjuvegur af Vatnsfjarðarvegi að Vatnsfjarðarkirkju.
7. Vatnsfjarðarbryggjuv. af Vatnsfjarðarvegi að bryggju.
8. Miðhúsavegur af Vatnsfjarðarvegi að Hvammstúni.
9. Þúfnavegur af Miðhúsavegi að Þúfum.
10. Sveinhúsavegur af Þúfnavegi að Sveinhúsum.
11. Reykjafjarðarvegur af Vatnsfjarðarvegi að Reykjafirði.
12. Reykjanesskólavegur af Vatnsfjarðarvegi að Reykjanesskóla.
13. Svansvíkurvegur af Vatnsfjarðarvegi að Svansvík.
14. Bjarnastaðavegur af Vatnsfjarðarvegi að Bjarnastöðum.

Nauteyrarhreppur:

1. Múlavegur af Djúpvegi að Múla.
2. Laugarbólsvegur af Djúpvegi að Laugarbóli.
3. Arngerðareyrarbr.v. af Djúpvegi að bryggju.
4. Bakkaselsvegur af Djúpvegi að Bakkaseli.
5. Bakkavegur af Snæfjallastr.vegi að Fremri-Bakka.
6. Lágadalsvegur af Snæfjallastr.vegi að Lágadal.
7. Tunguvegur af Snæfjallastr.vegi að Tungu.
8. Rauðumýrarvegur af Snæfjallastr.vegi að Rauðumýri.
9. Nauteyrarkirkjuvegur af Nauteyrarvegi að kirkju.
10. Nauteyrarvegur af Snæfjallastr.vegi að Nauteyri.
11. Hafnardsvegur af Snæfjallastr.vegi að Hafnardal.
12. Hallsstaðavegur af Snæfjallastr.vegi að Hallsstöðum.
13. Blævadalsárvirkj.vegur af Snæfjallastr.vegi að stöðvarhúsi og stíflu.
14. Hamarsvegur af Snæfjallastr.vegi að Hamri.
15. Melgraseyrarbr.v. af Snæfjallastrandarvegi að bryggju.
16. Melgraseyrarkirkjuvegur af Melgraseyrarvegi að kirkju.
17. Melgraseyrarvegur af Snæfjallastrandarvegi að Melgraseyri.

18. Laugalandsselsv. af Laugalandsvégi að Laugalandsseli.
19. Laugalandsvegur af Laugalandsvégi að Laugalandi.
20. Vonarlandsvegur af Laugalandsvégi að Vonarlandi.
21. Ármúlavegur af Snæfjallastrandarvegi að Ármúla.
22. Skjaldfannarvegur af Snæfjallastrandarvegi að Skjaldfönn.

Snæfjallahreppur:

1. Lónseyrarvegur af Snæfjallastrandarvegi að Lónseyri.
2. Bæjarvegur af Snæfjallastrandarvegi að Hornbæ.
3. Bryggjuvegur af Snæfjallastrandarvegi að Neðribæ og bryggju.
4. Lyngholtsvegur af Snæfjallastrandarvegi að Lyngholti.
5. Tirðilmýrarvegur frá Lyngholti að Tirðilmýri.
6. Unaðsdalsvegur af Tirðilmýrarvegi að Unaðsdal.
7. Unaðsdalskirkjuvegur af Tirðilmýrarvegi að kirkju.
8. Sandeyrarvegur frá Tirðilmýri að Sandeyri.
9. Æðeyjarvegur frá bryggju í Æðey að íbúðarhúsi.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatssverði mannvirkja landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 16 300.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 198 23. júlí 1968 um sama efni, og samþykkt nr. 246 6. október 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 19. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

SAMÞYKKT**um sýsluvegasjóð í Vestur-Ísafjarðarsýslu.**

1. gr.

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir eru:

Auðkúluhreppur:

1. Hokinsdalsvegur af Mosdalsvegi við Ós að Hokinsdal
2. Ósvegur af Mosdalsvegi að Ósi.
3. Kirkjubólsvetur af Mosdalsvegi að Kirkjubóli
4. Laugarbólsvegur af Hokinsdalsvegi að Laugarbóli.
5. Mjólkársvirkjunarvegur af Vestfjarðavegi að vélstjóraibúð.